

Nafn framteljanda	Kennitala
-------------------	-----------

SKÝRINGAR

Sjómanna dagar A

Í dálk A skal færa fjölda daga á ráðningartíma. Til ráðningartímans skal telja orlof og aðra ónýtta frídaga sem gerðir eru upp við lok ráðningar.

Sjómanna dagar B

Í dálk B skal færa lögskráningardaga. Á þeim skipum sem ekki er skylt að lögskrá á er miðað við almenna vinnudaga á úthaldstímabili. Þeir dagar á ráðningartíma sem sjómaður getur ekki stundað vinnu vegna veikinda eða slysa, en tekur laun samkvæmt kjarasamningi, skulu einnig taldir hér.

Beitningarmenn

Hjá hlutaráðnum beitningarmönnum ákvarðast fjöldi daga til útreiknings sjómannaafsláttar með sama hætti og hjá öðrum mönnum í áhöfn skips.

Eigin útgerð

Sjómenn með eigin útgerð eiga að færa sem sjómanna laun heildartekjur af útgerðinni, þ.e. samanlagt reiknað endurgjald og hreinar tekjur af útgerð.

Hvað færast á framtal

Niðurstöðutölur af þessu blaði á að færa í **kafla 1.5 á skattframtali**. Annars vegar laun vegna sjómennsku og hins vegar sjómanna dagar. Sá dagafjöldi sem færast á framtal er annað hvort (A) fjöldi daga á ráðningartíma eða (B) fjöldi lögskráningardaga margfaldaður með 1,49. Sú tala sem lægri er færast á framtalið.

Sjómennska á skipum 20 brúttótonn eða stærri

Kennitala útgerðar	Nafn og númer skips	Sjómanna laun	A	B
			Ráðningar-tími	Lögskráningar-dagar
Sjómanna laun færast í reit 317 á framtali og sjómanna dagar í reit 291		SAMTALS		
			Sjómanna dagar B x 1,49	

Sjómennska á skipum undir 20 brúttótonnum

Kennitala útgerðar	Nafn og númer skips	Sjómanna laun	A	B
			Ráðningar-tími	Alm. vinnu-dagar
Sjómanna laun færast í reit 318 á framtali og sjómanna dagar í reit 292		SAMTALS		
			Sjómanna dagar B x 1,49	

Laun beitningarmanns sem er hlutaráðinn

Kennitala útgerðar	Nafn og númer skips	Sjómanna laun	A	B
			Ráðningar-tími	Alm. vinnu-dagar
Laun hlutaráðs beitningarmanns færast í reit 317 á framtali og sjómanna dagar í reit 291		SAMTALS		
			Sjómanna dagar B x 1,49	

Athugasemdir

Úr reglugerð nr. 10/1992 um persónuafslátt og sjómannaafslátt

12. gr.

Maður, sem stundar sjómennsku á íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi, skal njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, sem koma skal til frádráttar reiknuðum tekjuskatti af þeim launum sem hann hafði fyrir sjómannsstörf.

Rétt til sjómannaafsláttar skv. 1. mgr. hafa þeir sem skylt er að lögskrá í skipsrúm á fiskiskipi. Sama rétt skulu þeir menn eiga sem ráðnir eru sem fiskimenn eða stunda fiskveiðar á eigin fari þó ekki sé skylt að lögskrá þá, enda uppfylli þeir skilyrði 13. gr.

Enn fremur eiga rétt til sjómannaafsláttar skv. 1. mgr. sjómenn sem skylt er að lögskrá á varðskip, rannsóknaskip, sanddæluskip sem stunda efnistöku utan hafna og flytja það á land, ferju eða farskip sem er í förum milli landa eða er í strandsiglingum innanlands.

Jafnframt eiga hlutaráðnir beitningarmenn sem ráðnir eru samkvæmt skriflegum samningi um hlutaskipti rétt á sjómannaafslætti.

13. gr.

Við ákvörðun dagafjölda, sem veitir rétt til sjómannaafsláttar, skal miða við þá daga sem skylt er að lögskrá sjómenn skv. 4. og 5. gr. laga nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna. Séu dagar þessir 245 á ári eða fleiri skal sjómaður njóta sjómannaafsláttar í 365 daga og hlutfallslega séu þeir færri en 245, þannig að hver dagur reiknast til sjómannaafsláttar með margfeldinu 1,49, þó aldrei fleiri daga en hann er ráðinn hjá útgerð til sjómannsstarfa. Til ráðningartímans skal telja orlof og aðra ónýtta frídaga sem gerðir eru upp við lok ráðningar.

Hjá mönnum á fiskiskipum undir 12 rúmlestum¹⁾ brúttó, sem ekki er skylt að lögskrá á samkvæmt framangreindum lögum, skal miða við almenna vinnudaga (mánudaga

til föstudaga) á úthaldstímabili í stað lögskráningardaga. Úthaldstímabil telst samfelld tímabil sem skipi er haldið úti við veiðar miðað við löndun samkvæmt kvótaskýrslum og vigtarskýrslum. Réttur þessara manna er þó háður því að laun fyrir sjómennsku séu a.m.k. 30% af tekjuskattsstofni þeirra.

Hjá hlutaráðnum beitningarmönnum skal við ákvörðun dagafjölda, sem veitir rétt til sjómannaafsláttar, miða við þá daga sem þeir eru ráðnir við slík störf samkvæmt skriflegum samningi um hlutaskipti, þó mest þann dagafjölda sem reiknaður er til afsláttar hjá sjómönnum á viðkomandi línubáti.

Þeir dagar á ráðningartíma hjá útgerð, sem sjómaður getur ekki stundað vinnu vegna veikinda eða slysa en tekur laun samkvæmt kjarasamningi, skulu veita rétt til sjómannaafsláttar. Leggja skal fram læknisvottorð til staðfestingar á veikindum eða slysi.

Til staðfestingar á dagafjölda getur skattstjóri m.a. krafist upplýsinga frá viðkomandi stéttarfélagi um greiðslur stéttarfélagsgjalda.

14. gr.

Útgerðaraðila er skylt að halda skrá yfir lögskráningardaga sjómanns og ráðningartíma hans og afhenda upplýsingar um þá til skattfyrivalda í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Útgerðaraðili fiskiskips undir 12 rúmlestum brúttó,¹⁾ sem ekki er skylt að lögskrá á skv. 2. gr. laga nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna, skal halda skrá yfir þá daga sem veita sjómanni rétt til sjómannaafsláttar. Í skránni skulu m.a. koma fram upplýsingar um úthaldstíma skips og róðrardaga. Skal skráin vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður og tiltæk skattfyrirvöldum hvenær sem þess er krafist.

1) Nú 20 brúttótonn, sbr. 2. gr. laga nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna.